



 Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi		
Mótt. 25. MAR. 2019		_____
		sign
Skjalnúmer.		Ábmr.

Reykjavík, 14. mars 2019
R18030152
641
dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Vogabyggð - svæði 5 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 14. mars 2019 var lagt fram Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. mars 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 6. mars 2019 á svarbréfi skipulagsfulltrúa vegna bréfs Skipulagsstofnunar varðandi stækkunar smábátahafnar, samkvæmt deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 5, ásamt fylgiskjölum. R18030152
Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Skipulagsstofnun taldi þörf á ítarlegum rannsóknum vegna áformaðra landfyllinga. Þeim hefur ekki verið lokið. Mikilvægt er að skoða hvaða áhrif þessar framkvæmdir og stórfelldar landfyllingar hafa á lífríki Elliðaáa. Þá segir í umsögn Hafrannsóknarstofnunar að nauðsyn sé að skoða vatnasvið Elliðaáa í heild. Það hefur ekki verið gert. Á meðan svo er er rétt að bíða með frekari samþykktir. Þess er óskað að fá kynningu á þeim rannsóknum sem kunna að vera í gangi.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna taka undir að ítarlegri rannsókna sé þörf og að lenging hafnargarðsins geti verið á viðkvæmu svæði með tilliti til lífríkis Elliðaáa. Einmitt þess vegna er verið að falla frá stækkun hafnargarðsins. Ekki stendur til að fara í auknar landfyllingar við ósa Elliðaá fyrir en allar rannsóknir um möguleg áhrif þeirra liggja fyrir.

Ólöf Örvarsdóttir tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Helga Björk Laxdal
e.u.